

Menningarmiðstöð Hornafjarðar

Rannsóknarsvið

Borgarhöfn 2-3 Neðribær, Sveitarfélaginu Hornafirði

Minjaskráning vegna deiliskipulags

Sigríður Guðný Björgvinsdóttir

2021



Eystra-Kambahraun í Borgarhöfn

Efnisyfirlit

Inngangur	1
Fornleifaskráning, löggjöf og staðlar	2
Borgarhöfn	4
Skráning minja.....	5
Samantekt og lokaorð	16
Heimildir:.....	18

Myndaskrá:

Mynd 1. Borgarhöfn í Suðursveit, Íslandskort.	1
Mynd 2. Yfirlitskort af skráðum minjum í landi Neðribæjar.....	5
Mynd 3. Uppmælingar af tóftum við Eystri-Einbúa.....	6
Mynd 4. Í Vestri-Einbúa voru fjárhús.	7
Mynd 5. Sunnan í Björnsborg er tóft af gömlu fjárhúsi frá Borgarhöfn..	9
Mynd 6. Fjárhúsatóft, Björnsborg og útengjagarður við Vestra-Kambahraun.....	10
Mynd 7. Myndkort af uppmælingum minja í Eystra-Kambahrauni.....	11
Mynd 8. Horft til suðausturs yfir fjárhúsatóftir sunnan í Eystra-Kambahrauni.....	12
Mynd 9. Fjárhús og hlaða í Eystra-Kambahrauni frá fyrri hluta 20.aldar.	13
Mynd 10. Fjárhúsatóft og túngarður í Eystra-Kambahrauni.....	14

Töfluskrá:

Tafla 1. Verkefni 2591, samantekt skráðra minja í landi Borgarhafnar 2-3 Neðribær.	16
---	----

* Mynd á forsíðu: Minjar frá liðinni tíð í Eystra-Kambahrauni í landi Borgarhafnar í Suðursveit.
Ljósmynd: Sigríður Guðný Björgvinsdóttir, desember 2020.


Inngangur

Borgarhöfn 2-3, Neðribær (L160118) er eitt af sex býlum í byggðahverfinu Borgarhöfn í Sveitarfélaginu Hornafirði, samkvæmt fasteignaskrá (sjá mynd 1).¹ Heimildir eru fyrir byggð í Borgarhöfninni allt aftur til landnámstíma og samkvæmt máldögum var þar kirkja frá því snemma eftir kristnitöku til a.m.k. loka 16. aldar.^{2,3,4} Margbýlt hefur verið í Borgarhöfn, allt að 12 ábúendur þegar mest var undir lok 19. aldar.⁵

Eystri-Einbúi heita klettur, suðvestan við Borgarhafnará rétt við Borgarhafnarveg. Samkvæmt heimildum var búið í Eystri-Einbúa í um eitt ár um 1850.⁶ Kambahraun eru vestast í túni Neðribæjar. Sunnan undir Eystra-Kambahrauni voru beitahús og hlaða frá Neðribæ en ábúendur höfðu mikið fé og reistu fjárhús víða í túnum sínum.^{7,8}

Frístundabyggð og tjaldsvæði eru fyrirhuguð sunnan Eystra – og Vestra-Kambahrauns samkvæmt deiliskipulagstillögu.⁹ Skipulagssvæðið er norðan þjóðveg 1 og nær yfir 20 ha lands, frá Fífutjörn í vestri og austur fyrir Eystri-Einbúa við Borgarhafnarveg.

Að beiðni landeiganda var skipulagssvæðið tekið út með tilliti til fornminja eins og lög gera ráð fyrir.¹⁰ Farið var á vettvang 3. júní og 7. desember 2020 og leitað eftir þekktum sem og óþekktum minjum. Sýnilegar minjar voru staðsettar nákvæmlega með Trimble GeoXH stöð (gps-gagnatæki) og ljósmyndaðar. Skráning, úrvinnsla og skýrslugerð var framkvæmd af Sigríði G. Björgvinsdóttur náttúru-landfræðingi hjá Menningarmiðstöð Hornafjarðar.



Mynd 1. Borgarhöfn í Suðursveit, merkt með rauðum punkti á Íslandskorti. Byggt á gögnum frá Landmælingum Íslands. Kortagerð: SGB, 2020.

¹ www.skra.is

² Landnámabók 1986, bls. 310

³ Íslenskt fornbréfasafn II 1893, bls. 770-771

⁴ Íslenskt fornbréfasafn XV 1947-50, bls. 700

⁵ Þorsteinn Guðmundsson 1972, bls. 181

⁶ Þorsteinn Guðmundsson 1972, bls. 185

⁷ Ö-skrá, Borgarhöfn - 10

⁸ Halldóra Gunnarsdóttir 2020, munnleg heimild

⁹ Efla verkfræðistofa 2020, bls. 4

¹⁰ Lög um menningarminjar nr.80/2012

Fornleifaskráning, löggjöf og staðlar

Í 3. grein laga um menningarminjar (nr.80 29. júní 2012) eru fornminjar skilgreindar eftirfarandi:

„Fornminjar samkvæmt lögum þessum eru annars vegar forngripir og hins vegar fornleifar. Forngripir eru lausamunir 100 ára og eldri sem menn hafa notað eða mannaverk eru á og fundist hafa í eða á jörðu eða jökli, í vatni eða sjó. Skip og bátar frá því fyrir 1950 teljast til forngripa. Til forngripa teljast einnig leifar af líkömum manna og hræjum dýra sem finnast í fornleifum, svo sem fornum haugum, dysjum og leiðum. Fornleifar teljast hvers kyns mannvistarleifar, á landi, í jörðu, í jökli, sjó eða vatni, sem menn hafa gert eða mannaverk eru á og eru 100 ára og eldri, svo sem:

- a. búsetulandslag, skróðgarðar og kirkjugarðar, byggðaleifar, bæjarstæði og bæjarleifar ásamt tilheyrandi leifum mannvirkja og öskuhauga, húsaleifar hvers kyns, svo sem leifar kirkna, bænhúsa, klaustra, þingstaða og búða, leifar af verbúðum, naustum og verslunarstöðum og byggðaleifar í hellum og skútum,
- b. vinnustaðir þar sem aflað var fanga, svo sem leifar af seljum, verstöðvum, bóllum, mógröfum, kolagröfum og rauðablæstri,
- c. tún- og akurgerði, leifar rétta, áveitumannvirki og aðrar ræktunarminjar, svo og leifar eftir veiðar til sjávar og sveita,
- d. vegir og götur, leifar af stíflum, leifar af brúm og öðrum samgöngumannvirkjum, vöð, varir, leifar hafnarmannvirkja og bátalægi, slippir, ferjustaðir, kláfar, vörður og önnur vega- og siglingamerki ásamt kennileitum þeirra,
- e. virki og skansar og leifar af öðrum varnarmannvirkjum,
- f. þingstaðir, meintir hörgar, hof og vé, brunnar, uppsprettur, álagablettir og aðrir staðir og kennileiti sem tengjast siðum, venjum, þjóðtrú eða þjóðsagnahefð,
- g. áletranir, myndir eða önnur verksummerki af manna völdum í hellum eða skútum, á klettum, klöppum eða jarðföstum steinum og minningarmörk í kirkjugörðum,
- h. haugar, dysjar og aðrir greftrunarstaðir úr heiðnum eða kristnum sið,
- i. skipsflök eða hlutar þeirra.

Fornminjar njóta friðunar nema annað sé ákveðið af Minjastofnun Íslands.

Geta má þess að helgunarlína friðaðra minja er 15 m en 100 m er varðar friðlýstar minjar, samkvæmt ofangreindum lögum um menningarminjar.

Skráning á minjum í þessari skýrslu er stöðluð samkvæmt skráningarkerfi Menningarmiðstöðvar Hornafjarðar og stöðlum frá Minjastofnun Íslands.

Skráningarformið er á þessa vegu:

Auðkennisnúmer – staðsetning – sérheiti – tegund – hlutverk – aldur – friðlýsing – ástand – hættumat – stærð – lýsing.

Auðkennisnúmer: verkefnanúmer (úthlutað af Minjastofnun Íslands) – númer fornleifar :001 (hlaupandi númer innan verkefnis frá 001). Dæmi: 1800:001.

Staðsetning fornleifa er gefin upp með hnitum í hnitakerfi ÍSNET93.

Tegund og hlutverk: Allir fornleifastaðir eru greindir til tegundar en hlutverk þeirra er ekki alltaf hægt að ákvarða. Dæmi: tóft; fjárhús.

Aldur er skráður frá og til fyrir tímabili notkunar. Skráð er ef fornleif hefur notið friðlýsingar og þá hvenær.

Ástand minja er metið út frá flokkun Minjastofnunar um sýnileika.

Hættumat og orsök byggist á hvort fornleif muni verða fyrir raski í framtíð af náttúrulegum eða manna völdum.

Stærð er skráð í vegghæð og -breidd ásamt mestri lengd og breidd í metrum.

Í lýsingu er minjum lýst í útliti og ástandi.

Hnattstaða er mæld í miðju hvers minjastaðar. Ef eingöngu er um heimild eða frásögn um minjar að ræða, er áætluð staðsetning þeirra grundvölluð á upplýsingum með 20-50 m óvissu.

Borgarhöfn

Borgarhöfn er eitt fjögurra byggðahverfa í Suðursveit, Sveitarfélaginu Hornafirði og afmarkast jarðarmörk þess frá Hestgerðiskambi í austri að Staðará í vestri.¹¹ Borgarhafnarbæirnir standa þvert fyrir miðjum Borgarhafnardal, í kvos fyrir framan svonefnda Túnkletta. Heimatúnin liggja að mestu sunnan bæjanna.

Landnáma getur Borgarhafnar en þar bjó Þorgrímur Þorsteinsson, tengdafaðir Gissurar Ísleifssonar biskups í Skálholti.¹² Í Byggðasögu A-Skaftafellssýslu segir um Borgarhöfn: „Öll jörðin Borgarhöfn er að fornu mati 80 hndr.“¹³ Í Jarðatali Johnsens frá 1847 er landskuld Borgarhafnar talin 4,13 hndr, kúgildi 6 og ábúendur skráðir níu leiguliðar en eignarhaldið var að $\frac{3}{4}$ hluta kirknanna í Einholti og Kálfafellsstað en $\frac{1}{4}$ hluti í bændaeygn.¹⁴ Í nýju mati frá 1861 er jörðin metin til 40,5 hndr.¹⁵

Margbýli hefur ávallt verið í Borgarhöfn.¹⁶ Á átjándu öld voru fimm ábúendur, á jafnmörgum býlum, um 1840 fjölgar búendum og eru þeir flestir um 1871 eða 12 talsins.^{17,18} Býlin, sem flest voru tvíbýli, talið frá austri til vesturs voru: Krókur, Gamligarður eystri, Gamligarður vestri, Lækjarhús, Neðribær, Suðurhús, Ekra og Girðing. Síðast var búið í Ekru 1894 og í Girðingu lauk búsetu 1895.¹⁹ Nýbýlið Vagnstaðir voru byggðir árið 1884, í hásuður frá Borgarhöfn sunnan þjóðveggar 1.²⁰ Neðribær eignaðist Girðingapartinn um aldamótin 1900.²¹

Í Byggðasögu Austur-Skaftafellssýslu er búsetu í Eystri-Einbúa lýst sem svo: „Árið 1850 kom að Borgarhöfn Sigurður Ólafsson. Hann kom austan af landi og hugðist að bjargast af sjávarafla aðallega og svo einhverjum landnytjum. Hann byggði sér kofa á Eystri-Einbúa við Borgarhafnará. Tíundarframtal hans þetta ár er 1 nautgripur, 4 ær, 4 veturgamlar kindur og 1 hestur. Ekki hefur Sigurði litizt á að búa þarna lengur því að næsta ár tekur hann sig upp og flytur aftur austur á land. Hjá honum voru taldir 3 menn í heimili á Einbúa. Síðan hefur ekki verið búið þar.“²² Heimildum ber ekki saman um hvort búið hafi í Eystri-Einbúa lengur en þetta eina ár.

¹¹ Þorsteinn Guðmundsson 1972, bls. 175

¹² Landnámabók 1986, bls. 310

¹³ Þorsteinn Guðmundsson 1972, bls. 180-181

¹⁴ J. Johnsen 1847, bls. 4

¹⁵ Ný jarðabók fyrir Ísland 1861, bls. 5

¹⁶ Manntal á Íslandi 1845. 1982, bls. 21-22

¹⁷ Manntal á Íslandi 1703. 1924-1947, bls. 432

¹⁸ Þorsteinn Guðmundsson 1972, bls. 181

¹⁹ Þorsteinn Guðmundsson 1972, bls. 188-189


²⁰ Þorsteinn Guðmundsson 1972, bls. 185

²¹ Þorsteinn Guðmundsson 1972, bls. 188

²² Þorsteinn Guðmundsson 1972, bls. 185

Skráning minja

Niðurstaða skráningar í þessu verkefni er sýnd á myndkorti á mynd 2. Skráningin hlaut verkefnanúmerið **2561** í skráningavefsjá Minjastofnunar og myndar stofn í auðkennisnúmeri hverrar minjar. Samtals voru skráðir 16 minjastaðir, þar af sjö tóftir útihúsa og átta garðlög með hlutverk sem aðhald eða túngarður.



Mynd 2. Yfirlitskort af skráðum minjum í landi Neðribæjar, varpað á loftmynd. Svartur rammi afmarkar útlínur skráningarsvæðis og er í samræmi við deiliskipulagsreit samkvæmt lýsingu í skipulagslýsingu Eflu Verkfræðistofu. Samtals voru skráðir 16 minjastaðir, sjá nánar í skrá 2561:001 – 2561:016 hér neðar. Kortagerð: SGB, 2020. Heimild: Loftmyndir ehf.

Auðkennisnúmer: 2561:001

Í Byggðasögu A-Skaftafellssýslu segir: „Árið 1850 kom að Borgarhöfn Sigurður Ólafsson. Hann kom austan af landi og hugðist að bjargast af sjávarafla aðallega og svo einhverjum landnytjum. Hann byggði sér kofa á Eystri-Einbúa við Borgarhafnará (sjá myndir 2 og 3). Tíundarframtal hans þetta ár er 1 nautgripur, 4 ær, 4 veturgamlar kindur og 1 hestur. Ekki hefur Sigurði litist á að búa þarna lengur, því að næsta ár tekur hann sig upp og flytur aftur austur á land. Hjá honum voru taldir 3 menn í heimili á Einbúa. Síðan hefur ekki verið búið þar.“²³

Staðsetning: A 654562.125 – N 412115.533

Sérheiti: Eystri-Einbúi

Tegund: tóft

Hlutverk: híbýli

Aldur frá – til: 1850 – 1900

Friðlýst: nei

Ástand: greinanlegar minjar

Hætta: hætta vegna framkvæmda

Vegghæð frá - til: 0.4 m - 0.7 m

Veggjabreidd: 1,0 m

Lýsing: Einhólfa tóft norðvestan við klettinn Eystri-Einbúa, um 4,5 x 9 m að stærð að ytra máli (mynd 3). Tóftin liggur um 55 m frá gamla þjóðveginum og útmörkum skipulagssvæðisins.



Mynd 3. T.v.: Uppmælingar af tóftum 001 og 002 við Eystri-Einbúa. Mynd t.h. sýnir tóft 001, líklegast til að vera bæjarhúsið sem Sigurður Ólafsson reisti 1850. Ljós. SGB, júní 2020. Heimild: Loftmyndir ehf.

Auðkennisnúmer: 2561:002

Í Byggðasögu A-Skaftafellssýslu segir: „Árið 1850 kom að Borgarhöfn Sigurður Ólafsson. Hann kom austan af landi og hugðist að bjargast af sjávarafla aðallega og svo einhverjum landnytjum. Hann byggði sér kofa á Eystri-Einbúa við Borgarhafnará. Tíundarframtal hans þetta ár er 1 nautgripur, 4 ær, 4 veturgamlar kindur og 1 hestur. Ekki hefur Sigurði litist á að búa þarna lengur, því að næsta ár tekur hann sig upp og

²³ Þorsteinn Guðmundsson 1972, bls. 185

flytur aftur austur á land. Hjá honum voru taldir 3 menn í heimili á Einbúa. Síðan hefur ekki verið búið þar.”²⁴

Staðsetning: A 654573.881 – N 413083.668

Sérheiti: Eystri Einbúi

Tegund: tóft

Hlutverk: óþekkt

Aldur frá – til: 1850 – 1900

Friðlýst: nei

Ástand: greinanlegar minjar

Hætta: hætta vegna framkvæmda

Vegghæð frá – til: 0.2 m – 0.4 m

Veggjabreidd: 0.6 m

Lýsing: 30 m suður af tóft 001 er einhólfa tóft, um 5 x 6 m að stærð (sjá mynd 2 og 3). Austan tóftarinnar eru tvö lág garðlög sem eru líklegar minjar af aðhaldi eða lítilli kró.

Auðkennisnúmer: 2561:003

Samkvæmt heimildarmanni voru fjárhús frá Neðribæ í Borgarhöfn sunnan undir Vestri – Einbúa (sjá bls. 5, mynd 2).²⁵

Staðsetning: A 654448.898 – N 412888.890

Sérheiti:

Tegund: garðlag

Hlutverk: fjárskjól

Aldur frá – til: 800 – 1950

Friðlýst: nei


Ástand: greinanlegar minjar

Hætta: hætta vegna framkvæmda

Vegghæð frá – til: 0.2 m – 0.5 m

Veggjabreidd: 0.6 m

Lýsing: Garðlag úr torfi er sunnan undir klettavegg í Vestri-Einbúa, um 4 m langt. Tæpum 20 m frá er einhólfa tóft af fjárhúsi (sjá mynd 4).



Mynd 4. Í Vestri-Einbúa voru fjárhús, sjá minjar 2561:003-005. Til hægri er tóft 004, séð til suðausturs. Ljós. SGB, júní 2020. Heimild: Loftmyndir ehf.

²⁴ Þorsteinn Guðmundsson 1972, bls. 185

²⁵ Halldóra Gunnarsdóttir 2020, munnleg heimild

Auðkennisnúmer: 2561:004

Samkvæmt heimildarmanni voru fjárhús frá Neðribæ í Borgarhöfn sunnan undir Vestri – Einbúa, (sjá mynd 2).²⁶

Staðsetning: A 654437.597 – N 412867.254
Sérheiti: Vestri-Einbúi
Tegund: tóft
Hlutverk: fjárhús
Aldur frá – til: 800 – 1950

Friðlýst: nei
Ástand: greinanlegar minjar
Hætta: hætta vegna framkvæmda
Vegghæð frá – til: 0.5 – 0.8 m
Veggjabreidd: 1.0 m

Lýsing: Tæpum 20 m suðvestur af garðlagi 003 er einhólfa tóft, 5 x 9 m að stærð að ytra máli. Tóftin snýr NV-SA með dyr til SA (sjá mynd 4).

Auðkennisnúmer: 2561:005

Samkvæmt heimildarmanni voru fjárhús frá Neðribæ í Borgarhöfn sunnan undir Vestri - Einbúa.²⁷ Ábúandi á Neðribæ í Borgarhöfn um aldamótin 1900 átti mikið fé og voru fjárhús reist víða í túnnum.²⁸

Staðsetning: A 654422,695 – N 412850,430
Sérheiti:
Tegund: garðlag
Hlutverk: óþekkt
Hlutverk annað: aðhald
Aldur frá – til: 800 - 1950

Friðlýst: nei
Ástand: greinanlegar minjar
Hætta: hætta vegna framkvæmda
Vegghæð frá – til: 0,4 – 0,8 m
Veggjabreidd: 1,0 m

Lýsing: L-laga garðlag, um 6 m langt er 17 m sunnan við fjárhústóftina (004) byggt út frá klettaveggnum til suðvesturs (sjá mynd 4). Líklegt þykir að hér hafi verið aðhald eða fjárskjól undir klettinum.

Auðkennisnúmer: 2561:006

Í örnefnaskrá fyrir Borgarhöfn segir: „Suður af Vestra-Kambahrauni heitir Björnsborg, eða í daglegu tali Bjössborg, smáklettur með gamalli fjárhússtótt við klettinn (sjá mynd 5).“²⁹ Líklega er tóftin kennd við Björn Jónsson bónda í Borgarhöfn sem bjó á einu af mörgum býlum sem skráð voru þar á 19. öld.³⁰

Staðsetning: A 654093,189 – N 412666,069
Sérheiti: Björnsborg
Tegund: tóft
Hlutverk: fjárhús
Aldur frá – til: 800 - 1950

Friðlýst: nei
Ástand: greinanlegar minjar
Hætta: hætta vegna framkvæmda
Vegghæð frá – til: 0,3 – 0,8 m
Veggjabreidd: 1,0 m

²⁶ Halldóra Gunnarsdóttir 2020, munnleg heimild


²⁷ Halldóra Gunnarsdóttir 2020, munnleg heimild

²⁸ Halldóra Gunnarsdóttir 2020, munnleg heimild

²⁹ Ö-skrá, Borgarhöfn - 10

³⁰ Ö-skrá, Spurningar við örnefni: Borgarhöfn og Vagnstaðir - 4

Lýsing: Tvö veggjarbrot mynda fjárhústóftina í Björnsborg, tæpum 400 m suðvestur af minjum í Vestri-Einbúa. Tóftin samanstendur af tveimur veggjarbrotum. Stærri veggjalagið er um 4,5 m langt, byggt út frá klettavegg til suðausturs. Minni veggurinn, 2,5 m langur snýr A-V og hefur myndað syðri húsvegg fjárhússins (sjá mynd 6 t.v.).



Mynd 5. Sunnan í Björnsborg er tóft (006) af gömlu fjárhúsi frá Borgarhöfn. Norðvestan við Björnsborg er Vestra-Kambahraun og sunnan í því eru leifar af syðsta hluta útengjagarðsins (007). Garðbrot teygja sig áfram í norðaustur frá Kambahraunum í átt að Borgarhafnarfelli (sjá mynd 7). Heimild: Loftmyndir ehf. Kortagerð: SGB, 2020.

Auðkennisnúmer: 2561:007

Vestast í túnum Borgarhafnar eru túngarðabrot sem mörkuðu útmörk engjasvæðis Borgarhafnarbæja frá fyrri tíð (sjá myndir 5 og 7).³¹ Garðarnir liggja frá Fornustekktum sunnan Borgarhafnarfells til suðurs að Fífutjörn. Garðlögin hafa í upphafi myndað einn órofinn garð sem í tímans rás hefur rofnað í sundur og mynda nokkur garðbrot í landslaginu í dag. Syðsti hluti engjagarðsins liggur suður frá Vestra-Kambahrauni í átt að Fífutjörn með stefnuna NA-SV (sjá mynd 5).

Staðsetning: A 653992,740 – N 412800,410

Sérheiti:

Tegund: garðlag

Hlutverk: útengjagarður

Aldur frá – til: 800 – 1950

Friðlýst: nei

Ástand: greinanlegar minjar

Hætta: hætta vegna framkvæmda

Vegghæð frá – til: 0,3 – 0,5 m

Veggjabreidd: 0,6 m

³¹ Halldóra Gunnarsdóttir 2020, munnleg heimild

Lýsing: Garðlagið sem liggur sunnan Vestra-Kambahrauns er rúmlega 80 m langt en hefur rofnað í sex hluta (sjá mynd 6 t.h.). Það nær frá vestasta enda hraunsins til suðurs í átt að Fífutjörn. Hann hverfur tæpum 150 m frá tjörninni. Þessi hluti garðsins er utan við skipulagsreitinn.



Mynd 6. Fjárhúsatóft 006 Björnsborg t.v. en hægra megin er horft til suðvestur eftir útengjagarðinum (007) sunnan Vestra-Kambahrauns. Ljós. SGB, júní og desember 2020.

Auðkennisnúmer: 2561:008

Vestast í túnum Borgarhafnar eru túngarðabrot sem mörkuðu útmörk engjasvæðis Borgarhafnarbæja frá fyrri tíð.³² Garðarnir liggja frá Fornustekjum sunnan Borgarhafnarfells til suðurs að Fífutjörn. Garðlögin hafa í upphafi myndað einn órofinn garð en rofnað í tímans rás og mynda í dag nokkur garðbrot. Garðlagið sunnan Vestra-Kambahrauns (sjá 007 á mynd 5) heldur áfram norðan þess, með stefnuna NA-SV.

Staðsetning: A 654137,131 – N 412018,573

Sérheiti:

Tegund: garðlag

Hlutverk: útengjagarður

Aldur frá – til: 800 – 1950

Friðlýst: nei

Ástand: greinanlegar minjar

Hætta: hætta vegna framkvæmda

Vegghæð frá – til: 0,3 – 0,4 m

Veggjabreidd: 0,5 m

Lýsing: Garðlagið norðan Vestra-Kambahrauns er tæplega 50 m langt, en líkt og garðurinn sunnan hraunsins (007) hefur það rofnað í þrjá mislanga hluta (sjá mynd 7).

³² Halldóra Gunnarsdóttir 2020, munnleg heimild

Auðkennisnúmer: 2561:009

Kambahraun eru vestast í túni Neðribæjar en þau bera nafn sitt af tindum sem líkjast kömbum, þar voru beitarhús og hlaða (mynd 2).³³ Eystra-Kambahraun er norður af Vestri-Einbúa. Í örnefnaskrá segir: „Tún með fjárhúsum frá Borgarhöfn er einnig framan við Eystra-Kambahraun.“³⁴

Staðsetning: A 654213,710 – N 413045,993

Sérheiti: Eystra Kambahraun

Tegund: tóft

Hlutverk: fjárhús

Aldur frá – til: 800 - 1950

Friðlýst: nei


Ástand: greinanlegar minjar

Hætta: hætta vegna framkvæmda

Vegg hæð frá – til: 0,7 – 1,9 m

Veggjabreidd: 1,0 m

Lýsing: Einhólfa tóft af fjárhúsi, 13 x 8 m að ytra máli er vestast í túninu sunnan Eystra-Kambahrauns (sjá mynd 7 og 8 t.v.). Garði er í miðju tóftarinnar, líklega steypdur. Veggir eru hlaðnir með grjóti og tyrftir að utan verðu. Grjóthleðslan er ennþá tiltölulega heilleg Tóftin snýr NV-SA með dyr til suðausturs.



Mynd 7. Myndkort af uppmælingum minja 2561:008 -2561: 016 í Eystra-Kambahrauni, hér varpað á loftmynd frá Loftmyndum ehf. Rauð strikalína utan úttektarsvæðis sýnir áframhald af útengjagarðlagi 008 sem nær upp að svonefndum Fornustekktum sunnan Borgarhafnarfells, sjá nánar í skrá fyrir garðlög 2561:007 - 008. Kortagerð: SGB, 2020.

³³ Ö-skrá, Borgarhöfn – 17

³⁴ Ö-skrá, Borgarhöfn - 10

Auðkennisnúmer: 2561:010

Kambahraun eru vestast í túni Neðribæjar en þau bera nafn sitt af tindum í klettum sem líkjast kömbum, þar voru beitarhús og hlaða.³⁵ Eystra-Kambahraun er norður af Vestri-Einbúa. Í örnefnaskrá segir: „Tún með fjárhúsum frá Borgarhöfn er einnig framan við Eystra-Kambahraun.“³⁶

Staðsetning: A 654241,087 – N 413067,497

Sérheiti:

Tegund: garðlag

Hlutverk: aðhald

Aldur frá – til: 800 – 1950

Friðlýst: nei

Ástand: greinanlegar minjar

Hætta: hætta vegna framkvæmda

Vegghæð frá – til: 0,2 – 0,3 m

Veggjabreidd: 0,3 m

Lýsing: Um 7 m langt garðlag er 30 m norðaustan við fjárhústóftina (009), sjá mynd 7. Garðlagið liggur út frá klettunum til suðurs og myndar aðhald við þá og nærliggjandi tóft, sjá 011.



Mynd 8. Horft til suðausturs yfir fjárhúsatóftir 009 (t.v.) og 011 (t.h.) sunnan í Eystra-Kambahrauni. Ljós. SGB, desember 2020.

Auðkennisnúmer: 2561:011

Kambahraun eru vestast í túni Neðribæjar en þau bera nafn sitt af tindum í klettum sem líkjast kömbum, þar voru beitarhús og hlaða.³⁷ Eystra-Kambahraun er norður af Vestri-Einbúa. Í örnefnaskrá segir: „Tún með fjárhúsum frá Borgarhöfn er einnig framan við Eystra-Kambahraun.“³⁸

Staðsetning: A 654248,017 – N 413068,921

Sérheiti: Eystra Kambahraun

Tegund: tóft

Hlutverk: fjárhús

Aldur frá – til: 800 – 1950

Friðlýst: nei

Ástand: greinanlegar minjar

Hætta: hætta vegna framkvæmda

Vegghæð frá – til: 0,6 – 0,7 m

Veggjabreidd: 1,0 m

³⁵ Ö-skrá, Borgarhöfn – 17

³⁶ Ö-skrá, Borgarhöfn – 10

³⁷ Ö-skrá, Borgarhöfn – 17

³⁸ Ö-skrá, Borgarhöfn – 10

Lýsing: Einhólfa tóft er rúmum 30 m norðaustan við fjárhús 009. Tóftin sýnist mun eldri en tóft 009, vallargróin og grjóthleðsla er ekki sýnileg í veggjum (sjá t.h. á mynd 8). Tóftin er fast undir klettahlíðinni, utan mál hennar er 8 x 5 m og snýr NA-SV með dyr til SV.



Mynd 9. Skráning 012 steipt fjárhús og hlaða í Eystra-Kambahrauni frá fyrri hluta 20.aldar (mynd t.v.). Mynd til hægri sýnir grjóthlaðinn vegg sem myndar aðhald (013) norðan við fjárhúsið. Ljós. SGB desember 2020.

Auðkennisnúmer: 2561:012

Eystra-Kambahraun er norður af Vestri-Einbúa. Í örnefnaskrá segir: „Tún með fjárhúsum frá Borgarhöfn er einnig framan við Eystra-Kambahraun.“³⁹

Staðsetning: A 654282,970 – N 413077,279

Sérheiti: Eystra-Kambahraun

Tegund: steinsteypa

Tegund annað: hleðsla

Hlutverk: fjárhús

Hlutverk annað: hlaða

Aldur frá – til: 1800 – 1960

Friðlýst: nei

Ástand: greinanlegar minjar

Hætta: hætta vegna framkvæmda

Vegghæð frá – til: 0,8 – 2,0 m

Vegjabreidd: 0,6 m

Lýsing: Steinsteipt fjárhús og hlaða, 12 x 13,5 m að stærð stendur austast í túninu undir Eystra - Kambahrauni (sjá yfirlitskort á mynd 2). Byggingin var reist á tímabilinu 1930-1940 eða eftir að steinsteypa kom til sögunnar. Þó eru ytri veggir til vesturs og austurs hlaðnir grjóti og klæddir torfi að utan verðu. Hlaðan var norðan megin í húsinu með innangengt úr fjárhúsi. Þak er hrunið og steiptir veggir illa farnir, nærri hrundir á köflum, sjá t.v. á mynd 9. Hlöðnu veggirnir eru best varðveittir af allri umgjörð hússins. Mögulega hefur fjárhúsið verið steipt upp innan í tóft frá fyrir tíma.

³⁹ Ö-skrá, Borgarhöfn - 10

Auðkennisnúmer: 2561:013

Eystra-Kambahraun er norður af Vestri-Einbúa. Í örnefnaskrá segir: „Tún með fjárhúsum frá Borgarhöfn er einnig framan við Eystra-Kambahraun.“⁴⁰

Staðsetning: A 654272,383 – N 413083,525

Sérheiti:

Tegund: garðlag

Hlutverk: aðhald

Aldur frá – til: 1800-1950

Friðlýst: nei

Ástand: greinanlegar minjar

Hætta: hætta vegna framkvæmda

Vegghæð frá – til: 0,2 – 0,4 m

Veggjabreidd: 0,4 m

Lýsing: Rétt um 5 m langt garðlag, hlaðið eingöngu úr grjóti er norðan við fjárhús 012. Það er hlaðið í vestur í framhaldi af steypum norðurvegg hlöðunnar og myndar aðhald á milli klettanna og fjárhússins, sjá t.h. á mynd 9.



Mynd 10. T.v.: Horft til suðurs yfir fjárhúsatóft 014. Mynd t.h. sýnir túngarð (016), hér horft til austurs í átt að Borgarhafnarbæjum. Þessi hluti garðsins er um 65 m langur, sjá einnig mynd 7. Ljós. SGB, desember 2020.

Auðkennisnúmer: 2561:014

Eystra-Kambahraun er norður af Vestri-Einbúa. Í örnefnaskrá segir: „Tún með fjárhúsum frá Borgarhöfn er einnig framan við Eystra-Kambahraun.“⁴¹

Staðsetning: A 654281,368 – N 413056,950

Sérheiti: Eystra-Kambahraun

Tegund: tóft

Hlutverk: fjárhús

Aldur frá – til: 800 – 1950

Friðlýst: nei

Ástand: greinanlegar minjar

Hætta: hætta vegna framkvæmda

Vegghæð frá – til: 0,5 – 1,0 m

Veggjabreidd: 1,0 m

⁴⁰ Ö-skrá, Borgarhöfn - 10

⁴¹ Ö-skrá, Borgarhöfn - 10

Lýsing: Tæpum 10 m sunnan við fjárhúsið (tóft 012) er einhólfa fjárhúsatóft, 5 x 4 m að ytra máli. Tóftin snýr NV-SA, dyr til suðausturs, sjá t.v. á mynd 10. Veggheðsla er gróin, grasi og mosa en dyrakampar hlaðnir grjóti. Leifar af þakjárnri liggur í gólfi tóftarinnar. Vestan við tóftina hefur verið lítil kró (sjá 015 á mynd 7).

Auðkennisnúmer: 2561:015

Eystra-Kambahraun er norður af Vestri-Einbúa. Í örnefnaskrá segir: „Tún með fjárhúsum frá Borgarhöfn er einnig framan við Eystra-Kambahraun.“⁴²

Staðsetning: A 654278,810 – N 413055,346

Sérheiti:

Tegund: garðlag

Hlutverk: aðhald/kró

Aldur frá – til: 800 – 1950

Friðlýst: nei

Ástand: greinanlegar minjar

Hætta: hætta vegna framkvæmda

Vegghæð frá – til: 0,2 – 0,4 m

Veggjabreidd: 0,4 m

Lýsing: Vestan við fjárhús 014 eru tvö garðlög (sjá mynd 7), annað áfast við tóftina, sem hafa myndað aðhald eða kró.

Auðkennisnúmer: 2561:016

Eystra-Kambahraun er norður af Vestri-Einbúa. Í örnefnaskrá segir: „Tún með fjárhúsum frá Borgarhöfn er einnig framan við Eystra-Kambahraun.“⁴³ Suðaustan við fjárhúsin í Eystra-Kambahrauni er túngarður.

Staðsetning: A 654289,233 – N 413052,933

Sérheiti:

Tegund: garðlag

Hlutverk: túngarður/ vörslugarður

Aldur frá – til: 800 – 1950

Friðlýst: nei

Ástand: greinanlegar minjar

Hætta: hætta vegna framkvæmda

Vegghæð frá – til: 0,4 – 0,6 m

Veggjabreidd: 0,7 m

Lýsing: L-laga túngarður liggur fyrir sunnan og austan mannvirkin í Eystra-Kambahrauni, sjá mynd 7 og til hægri á mynd 10. Lengsti hluti túngarðsins með stefnuna NA-SV er um 65 m á lengd, 17 m garður liggur þvert á stefnu hins fyrri, til NV-SA. Garðlagið hverfur á 6 m kafla þar norður af en heldur áfram um 5 m í átt að Kambahrauninu. Þar norður af sést móta fyrir honum á ný, um 10 m. Garðurinn hefur þjónað sem vörslugarður fyrir fé á meðan fjárhúsin í Eystra-Kambahrauni voru í notkun.

⁴² Ö-skrá, Borgarhöfn - 10

⁴³ Ö-skrá, Borgarhöfn - 10

Samantekt og lokaorð

Samtals voru 16 minjar skráðar í þessu verkefni. Í eftirfarandi töflu eru helstir þættir skáningarinnar teknir saman, þ.e. tegund, hlutverk, aldur og hættumat.

Tafla 1. Verkefni 2591, samantekt skráðra minja í landi Borgarhafnar 2-3 Neðribær.

Auðkenni	Sérheiti	Tegund	Hlutverk	Aldur	Hætta
2561:001	<i>Eystri-Einbúi</i>	tóft	híbýli	1850-1900	hætta v framkvæmda
2561:002	<i>Eystri-Einbúi</i>	tóft	óþekkt	1850-1900	hætta v framkvæmda
2561:003		garðlag	fjárskjól	800-1950	hætta v framkvæmda
2561:004	<i>Vestri-Einbúi</i>	tóft	fjárhús	800-1950	hætta v framkvæmda
2561:005		garðlag	óþekkt	800-1950	hætta v framkvæmda
2561:006	<i>Björnsborg</i>	tóft	fjárhús	800-1950	hætta v framkvæmda
2561:007		garðlag	útengjagarður	800-1950	hætta v framkvæmda
2561:008		garðlag	útengjagarður	800-1950	hætta v framkvæmda
2561:009	<i>Eystra-Kambahraun</i>	tóft	fjárhús	800-1950	hætta v framkvæmda
2561:010		garðlag	aðhald	800-1950	hætta v framkvæmda
2561:011	<i>Eystra-Kambahraun</i>	tóft	fjárhús	800-1950	hætta v framkvæmda
2561:012	<i>Eystra-Kambahraun</i>	steinsteypa/hleðsla	fjárhús / hlaða	1800-1960	hætta v framkvæmda
2561:013		garðlag	aðhald	1800-1950	hætta v framkvæmda
2561:014	<i>Eystra-Kambahraun</i>	tóft	fjárhús	800-1950	hætta v framkvæmda
2561:015		garðlag	aðhald/kró	800-1950	hætta v framkvæmda
2561:016		garðlag	túngarður/vörslugarður	800-1950	hætta v framkvæmda

Í þessari skýrslu hefur verið greint frá niðurstöðu minjaskráningar í landi Neðribæjar í Borgarhöfn vegna deiliskipulags og fyrirhugaðra framkvæmda innan skipulagsreits. Innan framkvæmdareits eru minjar, m.a. við Eystri-Einbúa og í Eystra-Kambahrauni. Í Eystri-Einbúa var búseta í stuttan tíma um miðja 19. öldina. Samkvæmt aldursákvæðum laga um menningarminjar eru þar um friðaðar minjar að ræða. Fjárhúsatóft í Björnsborg skilgreinist einnig sem friðaðar minjar samkvæmt sömu ákvæðum minjalaga. Í Eystra-Kambahrauni eru minjar frá mismunandi tíma, allt frá fjárhúsum frá 19. öld til mannvirkja sem reist voru eftir 1925 – 1930 og skilgreinast því ekki sem fornleifar samkvæmt fyrrnefndum aldursákvæðum laganna.

Í ljósi langrar byggðasögu Borgarhafnar má vænta þess að minjar gætu leynst í jörðu þó svo yfirborðið gefi annað til kynna. Af því tilefni skal bent á, að samkvæmt lögum um menningarminjar (nr. 80/2012) eru fornminjar (forngripir og fornleifar), hundrað ára og eldri, sjálfkrafa friðaðar nema annað sé ákveðið af Minjastofnun Íslands. Stofnunin mun taka afstöðu til þeirra minja og minjastaða sem hér eru skráðir með hliðsjón af varðveislugildi þeirra.

Heimildir:

Diplomatarium Islandicum. Íslenzkt fornbréfasafn, sem hefir inni að halda bréf og gjörninga, dóma og máldaga og aðrar skrár, er snerta Ísland eða íslenska menn. II. bindi 1253-1350 (1893). Kaupmannahöfn: Gefið út af hinu íslenska bókmenntafélagi.

Diplomatarium Islandicum. Íslenzkt fornbréfasafn, sem hefir inni að halda bréf og gjörninga, dóma og máldaga og aðrar skrár, er snerta Ísland eða íslenska menn. XV. bindi 1567-1570 (og síðar) (1947-50). Reykjavík: Gefið út af hinu íslenska bókmenntafélagi.

Efla Verkfræðistofa (2020). *Borgarhöfn 2-3 Neðribær. Skipulagslýsing, breyting á Aðalskipulagi Hornafjarðar 2012-2030, nýtt deiliskipulag.* Verknr. 7694-002. Sótt 05.01.2021 á: <https://www.hornafjordur.is/media/skipulagsmal/Nedribaer-Borgarhofn-skipulagslysing.pdf>

Johnsen J. (1847). *Jarðatal á Íslandi*. Kaupmannahöfn: J. Johnsen.

Landmælingar Íslands. *Kortagrunnur IS50V*.

Landnámabók (1968). Íslensk Fornrit I. bindi s.hl. Jakob Benediktsson gaf út. Reykjavík: Hið íslenska fornritafélag.

Loftmyndir ehf (2017). *Loftmyndagrunnur*. GeoTIFF miðflugs-litmynd.

Lög um menningarminjar, nr. 80/2012.

Manntal á Íslandi árið 1703, (1924-1947). Tekið að tilhlutun Árna Magnússonar og Páls Vídalín. Reykjavík: Hagstofa Íslands.

Manntal á Íslandi 1845, Suðuramt (1982). Reykjavík: Ættfræðifélagið gaf út.

Ný jarðabók fyrir Ísland, samin eptir tilskipun 27. Maímánaðar 1848 og allramildilegast staðfest með tilskipun 1. aprílmánaðar 1861. Kaupmannahöfn: Jarðabókaútgáfan.

Þjóðskrá Íslands (á.á). *Fasteignaskrá*. Sótt 16.12. 2020 á www.skra.is.

Þorsteinn Guðmundsson (1972). Byggðasaga Borgarhafnarhrepps. Í *Byggðasaga Austur-Skaftafellssýlu, II. bindi*, bls. 131-264. Reykjavík, Bókaútgáfa Guðjóns Ó.

Örnefnaskrá fyrir Borgarhöfn. Stefán Einarsson skráði (1961). Heimildarmaður: Skarphéðinn Gíslason. Stofnun Árna Magnússonar í íslenskum fræðum.

Örnefnaskrá fyrir Borgarhöfn. Spurningar við örnefni: Borgarhöfn og Vagnstaðir. Jóhann Helgason skráði (1991). Heimildarmaður: Gunnar Gíslason, f. 1904. Stofnun Árna Magnússonar í íslenskum fræðum.

Munnleg heimild:

Halldóra Gunnarsdóttir, Höfn. Símtal 16.12. 2020.